

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Sigurðar Thoroddsen, yfirkennara og landsverkfræðings, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 15. júní 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Sigurðar Thoroddsen, yfirkennara og landsverkfræðings.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar Thoroddsen, yfirkennara og landsverkfræðings. Hann er eign Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Sigurðar Thoroddsen 16. júlí 1962. Stofnfé sjóðsins, kr. 12500,00, er að hluta gjöf frá samkennurum og nemendum Sigurðar, en einnig framlag frá Maríu Thoroddsen, ekkju Sigurðar Thoroddsen og barna þeirra.

3. gr.

Sigurður Thoroddsen, sem lengi kenndi stærðfræði í máladeild, taldi mikilvert, vegna þroskandi áhrifa stærðfræði á hugsun nemenda, að hún væri ekki aðeins kennd í stærðfræðideild, heldur einnig í máladeild. Hlutverk sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemdanda eða nemendum í máladeild, sem fengið hafa a. m. k. 9.5 í fullnaðareinkunn í stærðfræði á stúdentsprófi.

4. gr.

Rektor skólans ákveður í samráði við stærðfræðikennara í máladeild fjárhæð verðlauna. Alls mega þau nema allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum tekna sjóðsins næst liðið ár.

5. gr.

Afhending verðlauna fer fram um leið og afhending skirteina við stúdentspróf. Verðlaunum skal fylgja skrautritað skjal undirritað af rektor.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, sem honum kunna að áskotnast, og vextir af fé hans. Höfuðstól skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan tryggan hátt.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Rektor skólans hefur með höndum reikningshald og birtir reikninga í skólaskýrslum. Endurskoðun skal vera með sama hætti og annarra sjóða undir stjórn rektors.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.